

Eintak með trúnaðarupplýsingum.

Ákvörðun nr. 11/2025
Miðvikudagurinn, 20. mars 2025

Kaup IS Haf á NP Innovation AB

- Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa IS Haf fjárfestinga slhf. (hér eftir „IS Haf“) á sænska félaginu NP Innovation AB (hér eftir „NP“). IS Haf er fjárfestingasjóður sem fjárfestir í haftengdri starfsemi, en NP starfar helst við þróun, framleiðslu og sölu hreinsibúnaðar fyrir fiskeldi. Tekið skal fram að Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við kaupin eins og nánar er rökstutt í ákvörðuninni.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framgreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17 gr. a. sömu laga.
- Með vísan til 4. gr. reglna um tilkynningu og meðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 óskuðu samrunaaðilar þann 21. janúar 2025 eftir forviðræðum vegna þessara viðskipta. Fullnægjandi samrunatilkynning barst síðan Samkeppniseftirlitinu þann 7. mars 2025 og með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu því frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 10. mars 2025.
- Með samrunaskrá fylgdu margvísleg gögn, þ.m.t. kaupsamningur milli kaupenda og seljenda um viðskiptin, ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila ásamt hluthafasamkomulagi. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Jafnframt var höfð til hliðsjónar sátt Íslandssjóða hf. (hér eftir „Íslandssjóðir“) og Íslandsbanka hf. (hér eftir „Íslandsbanki“) við eftirlitið frá 11. desember 2023.
- Í samrunaskrá segir að með viljayfirlýsingu sem var undirrituð þann 9. desember 2024 hafi IS Haf og NP komist að samkomulagi um kaup IS Haf á öllu hlutafé félagsins. Kaupsamningur vegna viðskiptanna var síðan undirritaður þann 18. febrúar 2025. Fjárfestingin mun eiga sér stað í gegnum einkahlutafélagið Vallartunga ehf., sem er í eigu IS Haf og verður því félagi síðan nafnabreytt í NP Invest ehf. (hér eftir „NP Invest“). Þar segir einnig að fyrirhugað sé að stór hluti seljenda endurfjárfesti í sameiginlegu eignarhaldsfélagi (hér eftir „Holdco“) sem verði 100% eigandi NP Invest og mun IS Haf fara með 85% eignarhlut en fyrri eigendur með 15% hlut. Að sögn samrunaaðila sé einnig í undirbúningi aðkoma fleiri meðfjárfesta að félaginu.

I. Aðilar samrunans

- Eins og fyrr greinir eru aðilar samrunans IS Haf og sænska félagið NP. Í samrunaskrá kemur fram að IS Haf sé sérhæfður sjóður í skilningi laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem stundi fjárfestingarstarfsemi, einkum kaup, sölu og eignarhald hlutabréfa, annarra fjármálagerninga og hluta í einkahlutafélögum, fjárfestingu í fyrirtækjum og öðrum fjármálagerningum útgefnum af þeim, rekstur eignarhaldsfélaga, lánastarfsemi tengdum fjárfestingum og tengdan rekstur í samræmi við fjárfestingarstefnu



félagsins. Um lokaðan sjóð sé að ræða og á meðal helstu fjárfesta séu íslenskir lífeyrissjóðir og Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

7. Sjóðurinn hafi verið stofnaður í upphafi árs 2023 og sé stýrt af Íslandssjóðum sem sé í eigu Íslandsbanka. Íslandssjóðir séu með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.
8. Í samrunaskrá segir jafnframt að NP sé sænskt einkahlutafélag sem hafi verið stofnað árið 2012. Félagið starfi við þróun, framleiðslu og sölu vatnshreinsibúnaðar þar sem helsta áherslan sé lögð á fiskeldi, þ.m.t. seiðisstöðvar, landeldi og lokað sjávareldi. Auk framangreinds framleiðir félagið vatnshreinsibúnað fyrir iðnað og veitukerfi sveitarfélaga, en sú framleiðsla nemur litlum hluta af starfsemi félagsins. Stærsti hluti framleiðslu félagsins séu vatnssíur sem nýttar séu í fiskeldi, iðnaði og í veitukerfum og þar að auki framleiði félagið afloftara (e. „*Degassers*“), sandsíur og aðrar aukahluti.
9. Félagið sé jafnframt með starfsemi í tveimur öðrum löndum utan Svíþjóðar sem eru Noregur og Ísland. Annars vegar á NP norskt dótturfélag NP Innovation Norway AS („*NP Noregur*“), sem starfar sem sölueining fyrir móðurfélagið (NP) á norskum markaði og hins vegar íslenskt dótturfélag Aqua (hér eftir „*NP Ísland*“) sem hét áður Eldisvörur ehf. og komst í eigu NP í september 2024. NP Ísland sé sölueining félagsins á Íslandi ásamt því að vera innflutnings- og þjónustufyrirtæki fyrir fiskeldisiðnað. Janframt á NP 34% eignarhlut í sænska félaginu Peterson Filter Laboratories AB, sem þróar vatnsmeðferðarsíur með áherslu á meðferð agna í fiskeldi.
10. Í samrunaskrá kemur fram að helstu hluthafar NP séu norskt eignarhaldsfélag, stofnendur og stjórnendur NP auk annarra starfsmanna. Eftirtaldir fimm aðilar eiga meira en 1% hlut í NP:
 - i. BC SPV IV Holding AS, eignarhaldsfélag með 66,3% hlut.
 - ii. Nils Åke Persson Holding AB með eignarhaldsfélagi stofnanda með 23,5% hlut.
 - iii. Sterner Holding AS með 3,1% hlut.
 - iv. Jonas Person með 3% hlut.
 - v. Kåre Olsen með 1,1% hlut.

Eins og segir í samrunaskrá fer NP með bein yfirráð yfir dótturfélögunum NP Noregur og NP Ísland sem færast til IS Haf við samrunann.

II. Skilgreining markaða

11. Samkvæmt b-lið 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig viðauka II við reglur nr. 1390/2020, skal í styttri tilkynningu um samruna koma fram lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á. Samrunaaðilar telja þó ekki þörf á að skilgreina með nákvæmum hætti þann vöru eða landfræðilega markað sem samrunaaðilar starfa á þar sem að þeirra mati sé skörun í starfsemi aðila fremur lítil. Í samrunaskrá er því farin sú leið að lýsa stuttlega þeim mörkuðum sem samrunaaðilar og tengd félög starfi á.
12. Í samrunaskrá segir að starfsemi NP felist aðallega í framleiðslu, sölu og þjónustu fyrir fiskeldisiðnað ásamt fóðrun eldis og ýmsar mælingar fyrir fiskeldi og að meirihluti tekna fyrirtækisins sé vegna þeirrar starfsemi. Þar segir þó að í víðara samhengi megi flokka vörur félagsins undir markað með almennan vatns- og skolphreinsibúnað, sem sé umtalsvert stærri markaður en fyrir fiskeldi eingöngu. Jafnframt megi aðgreina markað fyrir framleiðslu, sölu og þjónustu á tækjum og búnaði fyrir fiskeldisiðnað í frekari undirmarkaði eftir vörum og staðgönguvörum, ásamt þjónustu og staðgönguþjónustu. Út frá framangreindum sjónarmiðum telji samrunaaðilar að skilgreina megi eftirfarandi undirmarkaði fyrir starfsemi NP: i) markaður fyrir hreinsunarbúnað fiskeldis, ii) markaður fyrir fóðrunarbúnað fiskeldis og iii) markaður fyrir mælubúnað



fiskeldis. Út frá vöruframboði NP telja samrunaaðilar að félagið starfi á öllum framangreindum mörkuðum. Samrunaaðilar áréttu þó takmarkaða skörun í starfsemi samrunaaðila að þeirra mati.

13. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að markaður kaupanda IS Haf afmarkist við fjárfestingar í sjávarútvegi og annarri haftengdri starfsemi. Um sé að ræða fjárfestingarsjóð þar sem félög í beinum og óbeinum yferráðum sjóðsins starfi á mismundandi mörkuðum tengdum sjávarútvegi. Að mati samrunaaðila sé ekki þörf á að greina nánar þá undirmarkaði eftir því hvort fjárfestingarnar séu bundnar við ákveðna tegund af haftengdri starfsemi enda telji samrunaaðilar áhrifa samrunans ekki gæta á þeim markaði.
14. Varðandi landfræðilega markaði málsins telja samrunaaðilar hann vera fyrst og fremst alþjóðlegan. NP starfi í samkeppni við erlenda aðila á markaði þar sem erlendir keppinautar bjóði sambærilegar vörur. Félagið selji vörur til fyrirtækja á Íslandi, Evrópu, Kanada, Japan og til fleiri landa og sé þar að keppa við erlend fyrirtæki. Þannig hafi kaupendur vöru og þjónustu á landsbundnum mörkuðum val um viðskipti við fyrirtæki sem starfi á alþjóðlegum mörkuðum.
15. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vörumarkaðinn með öðrum hætti en samrunaaðilar gera, en ekki er þó tekin formleg afstaða til viðkomandi markaða þar sem þess gerist ekki þörf við lausn þessa máls í ljósi takmarkaðrar skörunar í starfsemi samrunaaðila.
16. Jafnframt má að mati Samkeppniseftirlitsins taka undir með samrunaaðilum að sá markaður sem um ræðir sé sennilega að miklu leyti alþjóðlegur eða evrópskur. Um er að ræða kaup á sænsku fyrirtæki sem hefur samkvæmt samrunaskrá meirihluta tekna sinna utan Íslands eða um [70]% af heildartekjum þess árið 2024. Landfræðilegur markaður málsins sé því sennilega stærri en Íslandi.

III. Samkeppnisleg áhrif og niðurstaða

17. Í samrunaskrá kemur fram að þar sem samrunaaðilar starfi á ólíkum mörkuðum muni samruninn að mati aðila hafa afar takmörkuð samkeppnisleg áhrif á viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði. Að sögn samrunaaðila megi þó færa fyrir því rök að NP starfi á tengdum mörkuð og félög í eigu IS Haf. Þar sé helst um að ræða starfsemi Thor landeldis ehf. (hér eftir „Thor“) og Kapp ehf. (hér efir „Kapp“). Fjallað hefur verið um Kapp í fyrri samrunaákvörðunum Samkeppniseftirlitsins¹, en það fyrirtæki starfar á markaði fyrir framleiðslu, sölu og þjónustu á kælikerfum fyrir verslun og iðnað, þ.m.t. útflutning á frystivörum. Að mati samrunaaðila starfi Thor á markaði fiskeldisfyrirtækja, en félagið vinnur að uppbyggingu seiðaeldisstöðvar.
18. Samrunaaðilar benda á að með samrunanum geti því myndast lóðrétt tengsl á milli aðila þar sem IS Haf eigi hluti í tveimur fyrirtækjum sem starfi á sitthvoru sölustiginu eða nánar tiltekið eins og fyrr greinir Thor fiskeldi og NP sem selur þjónustu og búnað til fiskeldisfyrirtækja. Að mati aðila hafi samruninn þó ekki neikvæð samkeppnisleg áhrif þar sem um sé að ræða litla markaði og markaðshlutdeild Thor lág eða [10-15]% á þeim markaði sem félagið starfi á.
19. Enn fremur er það mat samrunaaðila að samruninn hafi engin neikvæð samkeppnisleg áhrif þar sem ekki sé um staðgöngu að ræða á milli þeirra vara sem fyrirtækin framleiði og þeirrar þjónustu sem þau veita. Samruninn taki því þ.a.l. til starfsemi á ólíkum mörkuðum og því sé hvorki til staðar lárétt eða lóðrétt skörun að mati samrunaaðila. Ljóst sé því að fjárfesting og kaup IS Haf á NP teljist til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi og hafi ekki í för með sér neikvæð samkeppnisleg áhrif.

¹ Ákvörðun nr. 46/2023 og ákvörðun nr. 1/2025.



20. Að mati Samkeppniseftirlitsins er bæði um lóðréttan samruna og samsteypusamruna að ræða þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði þó tengdir séu. Samkeppnislaga áhrifa gætir því ekki vegna aukinnar samþjöppunar á þeim mörkum sem hann tekur til. Samruninn getur þó fræðilega haft lóðréttu samþættingu í för með sér og samkeppnishömlur svo sem í formi aðgangshindrana og útilokunar keppinauta á markaði. Hins vegar verður ekki séð að samruninn hafi umtalsverð neikvæð samkeppnisleg áhrif í för með sér þar sem markaðshlutdeild Thor Landeldis virðist lítil á fráliggjandi markaði fyrir fiskeldi.
21. Í samrunaskrá segir einnig að Íslandssjóðir og IS Haf hafi unnið í samræmi við áður nefnda sátt við Samkeppniseftirlitið í ákvörðun nr. 46/2023 og þau skilyrði sem þar voru sett. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að í sáttinni er kveðið á um óatviksbundin skilyrði og því eiga skilyrði sáttarinnar einnig við í þessu máli. Girða skilyrðin því fyrir mögulegar samkeppniskaskanir sem annars kynnu að leiða af aðkomu samstæðu IS Haf að samrunanum.
22. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast í tengslum við þennan samruna né rannsaka hann frekar, og lýkur því rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup IS Haf fjárfestinga slhf. á öllu hlutfé NB Innovation AB felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Undirritunarsíða

Páll Gunnar Pálsson